

## 590. fundur

Mánudaginn 19. október 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. 1. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður  
Benedikt S. Benediktsson FJR  
Baldur Arnar Sigmundsson ANR  
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR  
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.

1. Teknar voru fyrir fundargerðir 588 og 589, samþykktar án athugasemda.
2. Lögð voru fyrir drög að reglugerð um opinn tollkvóta á selju, annari en seljurót. Ákveðið var að senda til umsagnaraðila eftirfarandi tillögu:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magntollar
Tollskrárnúmer.:			kg	%	kr./kg
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	26.10.-31.12.15	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á selju, annari en seljurót. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

3. Unnið hefur verið að verklagsreglum ráðgjafanefndar um inn- og útflutning á landbúanarðvörum eins og lagt var til í skýrslu ríkisendurskoðunar sem gefin var út í apríl 2015. Rædd voru framlögð drög.

Fleira ekki gert og fundi slitið.